

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

10. fundur haldinn í fundarsal C ÍSÍ 18. 1. 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Bergþóra Kristín formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri.

Forföll boðaði: Kristín Ívarsdóttir og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Umsókn frá Hetti

*Umsóknin fjallar um að 4. Flokkur A fari í B riðil á Bikarmót í hóp fimleikum*

Tækninefnd í hóp fimleikum var ekki búin að fjalla um málið. Stjórn FSÍ kallar eftir afgreiðslu frá TH.

### 2. Fimleikadeild Hattar sendir vangaveltur um niðurröðun í flokkar í hóp fimleikum

*Tillögur að breytingum á niðurröðun í flokka í hóp fimleikum*

Vísað til mótanefndar FSÍ.

### 3. Erindi frá Tokyo hópnum

*Vinnuhópur um Tokyo 2020 verkefnið sendi inn erindi um áframhaldandi vinnu við verkefnið*

Stjórn FSÍ samþykkir að fjármagna verkefnastjóra í verkefnið og koma því af stað með starfsmönnum skrifstofu í samvinnu við vinnuhópinn sem stendur á bakvið verkefnið.

### 4. Önnur mál

Formaður tækninefndar kvenna kallar eftir skýrari verkferlum varðandi refsingu til þeirra sem ekki senda inn dómara á mót. Ekki gengur vel að manna dómara á mótum og ljóst er að ekki er hægt að halda mót án dómara. Félög þurfa að virða reglur FSÍ varðandi dómaraskráningu.

Formaður tækninefndar í hóp fimleikum kallar eftir leyfisbréfum fyrir þreföld heljarstökk.

**Fundi slitið klukkan 21:30**

**11. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 15. febrúar kl. 20:00**



Engjavegur 6, 104 Reykjavík, Iceland  
Sími/Tel: + 354-514-4060,  
[fsi@fimleikasamband.is](mailto:fsi@fimleikasamband.is) , [www.fimleikasamband.is](http://www.fimleikasamband.is)